



LISTVINA FÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 32. STARFSÁR - HALLGRÍMSSÖFNUÐUR

# 400 ÁRA AFMÆLI HALLGRÍMS PÉTURSSONAR

AFMÆLISHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU  
24. - 31. OKTÓBER 2014



## 24. OKTÓBER FÖSTUDAGUR

### 18.00 Afmælishátíð Hallgríms Péturssonar hringd inn

Hörður Áskelsson leikur á klukkaspil Hallgrímskirkju

### 18.15 Opnun myndlistarsýningar „360 dagar í Grasagarðinum“

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson sýnir myndlistarverk unnin sérstaklega í tilefni 400 ára afmælis Hallgríms. Sýningin samanstendur af um 80 ljósmyndum sem mynda saman eitt verk sem sprettur upp úr hugleiðingum eða umþenkingum um líf Hallgríms Péturssonar. Ljósmyndirnar eru allar teknar í frjósömum bakgarði í Brighton á suðurströnd Englands. Þar er líf Hallgríms sett í samhengi við þá hringrás náttúrunnar sem sjá má myndgerast í skrudgarði á 360 dögum. Þar renna saman myndir venjulegs skrudgarðs, Getsemane og Edens, Hallgríms Péturssonar, Jesú og óbreyttrar mannskepnunnar. Sýningarstjóri: Þóra Sigurðardóttir.

### 20.00 Sálmar Hallgríms í nýjum búningi

Brot úr Passíusálmum og öðrum sálmum Hallgríms Péturssonar og sálmalög, bæði gömul og ný. Flutt verða lög eftir m. a. Sigurð Sævarsson, Tryggva M. Baldvinsson, Smára Ólason og Kírstínu Ernu Blöndal.

Flytjendur: Kírstín Erna Blöndal, söngur, Gunnar Gunnarsson, orgel, Sigtryggur Baldursson, slagverk, Guðmundur Vignir Karlsson - Kíppi Kaninus, raftónlist.

Miðaverð: 2500/1500 kr.

## 25. OKTÓBER LAUGARDAGUR

### 12.00 „Fögnuður“

Orgelinnsetning eftir Wayne Siegel prófessor í raftónlist við Konunglega tónlistarháskólann í Árósum. Verkið er samið sérstaklega fyrir Klaisorgelið í Hallgrímskirkju í tilefni af 400 ára afmæli Hallgríms og flutt af tölvu tónskáldsins með aðstoð veðurgervitungls. Miðaverð: 2000/1000 kr.


### 13.15 Mótettukór Hallgrímskirkju flytur kórtónlist tengda Hallgrími

Mótettukór Hallgrímskirkju sem nýverið vann til fernra gullverðlauna í alþjóðlegri kórakeppni á Spáni flytur sálma eftir Hallgrím í búningi íslenskra tónskálda. Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

### 14.00 Hver var Hallgrímur? Málþing á Hallgrímshátíð

Dr. Margrét Eggertsdóttir rannsóknarprófessor: Hallgrímur og alþýðan. Rímur til skemmtunar og kvæði ætluð ungum og ófróðum. Dr. Þórunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur: Hallgrímur og elítan. Hvað geta kvæði Hallgríms sagt okkur um félagslegt tengslanet hans?

Dr. Sveinn Yngvi Egilsson prófessor: „Að þínum krossi, Kriste kær, kem ég sem einn framandi“. Líkamsmyndir Passíusálma í augum nútímalesanda. Fyrirspurnir og umræður, Ingibjörg Eypórsdóttir íslenskufraeðingur kynnir og stýrir umræðum.



## 15.15 Kaffihlé

### 16.00 Átta skáld yrkja með Hallgrími

Skáldin frumflytja ljóð sín ort í tilefni 400 ára afmælis Hallgríms:

Dagur Hjartarson  
Halla Margrét Jóhannesdóttir  
Hrafnhildur Þórhallsdóttir  
Magnús Sigurðsson  
Ragnar Helgi Ólafsson  
Sigurlín Bjarney Gísladóttir  
Snæbjörn Brynjólfsson  
Soffía Bjarnadóttir

Kristín Steinsdóttir rithöfundur og dr. Sigurður Árni Þórðarson völdu skáldin.

### „Við strjúkum þitt enni“

Frumflutningur verks eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur skáld og tónskáldið Oliver Kentish.

Flytjendur: Kammerkórinn Hljómeyki og Björn Steinar Sólbergsson orgelleikari. Stjórnandi er Marta Guðrún Halldórsdóttir. Verkið var pantað af Tónmenntasjóði kirkjunnar í tilefni af 400 ára afmæli Hallgríms.

## 26. OKTÓBER SUNNUDAGUR VÍGSLUDAGUR HALLGRÍMSKIRKJU

### 11.00 Hátíðarmessa. Bein útsending á Rás 1

Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir prédikar, sr. Jón Dalbú Hróbjartsson sóknarprestur og sr. Sigurður Pálsson fyrrverandi sóknarprestur þjóna fyrir altari.

Flytjendur tónlistar: Drengjakór Reykjavíkur–Hallgrímskirkju, stjórnandi Friðrik S. Kristinsson, Mótettukór Hallgrímskirkju, Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson trompetar og Eggert Pálsson pákur, stjórnandi og organisti Hörður Áskelsson.

Afmælismessukaffi í suðursal að messu lokinni.

### 14.00 Ensk messa

Sálmar Hallgríms Péturssonar sungnir í enskri þýðingu. Prestur sr. Bjarni Þór Bjarnason.

### 17.00 „Passíusálmar“ fyrir söngrodd og orgel eftir Michael Jón Clarke

Flytjendur: Michael Jón Clarke barítón og Eypór Ingi Jónsson orgelleikari.

Tónlistin var frumflutt í Akureyrarkirkju fyrir tveimur árum við frábærar undirtektir og er væntanleg á geisladiski á næstunni. Miðaverð: 2500/ 1500 kr.

## 27. OKTÓBER MÁNUDAGUR HALLGRÍMSDAGURINN Í HALLGRÍMSKIRKJU

### 20.00 Hallgrímsmessa á 340. ártíð Hallgríms Péturssonar

Karl Sigurbjörnsson biskup prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Jóni Dalbú Hróbjartssyni sóknarpresti Hallgrímskirkju.

Messan er sungin með gamla Grallaratóninu, svipað og tíðkaðist á tímum Hallgríms.

Kammerkórinn Schola cantorum syngur, stjórnandi Hörður Áskelsson, organisti er Björn Steinar Sólbergsson.

## 31. OKTÓBER FÖSTUDAGUR SIÐBÓTARDAGURINN

### 13.00–17.00 Siðbótarmaðurinn Hallgrímur – málþing á siðbótardegi

Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor:

„Krossferli að fylgja þínum...“ Eftirfylgd um stef í Passíusálmum Hallgríms Péturssonar.

Dr. Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor:

Hallgrímur Pétursson og 23. Davíðssálmur.

Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, guðfræðingur:

Sköpun og blessun í hugvekjum Hallgríms Péturssonar.

Ævar Kjartansson stýrir umræðum að erindum loknum.

Málþingið er samstarfsverkefni Nefndar um fimm alda afmæli siðbótarinnar 2017 og Listvinafélags Hallgrímskirkju.

## FÖSTUDAGUR 24. OKTÓBER

### 18.00 Hallgrímshátíð hringd inn

Hörður Áskelsson leikur á klukkuspil Hallgrímskirkju

### 18.15 360 dagar í Grasagarðinum

#### Opnun sýningar Sigtryggs Baldurs Baldvinssonar.

Sjá sýningarskrá.

### 20.00 Sálmar Hallgríms í nýjum búningi

Kirstín Erna Blöndal, söngur Gunnar Gunnarsson, orgel Sigtryggur Baldursson, slagverk Guðmundur Vignir Karlsson - Kippi Kaninus, raftónlist

Óvenjuleg og spennandi túlkun raddar, raftónlistar og hljóðfæra á sálmalögum við texta Hallgríms. Fluttar verða útsetningar og lög eftir m.a. Kirstínu Ernu Blöndal, Sigurð Sævarsson, Smára Ólason og Tryggva M. Baldvinsson.

#### Efnisskrá:

Ég byrja reisu mín - Reisisálmur (1632/37?)

Íslenskt þjóðlag, Skráning og úts. Smári Ólason 1975  
Þórður Tómasson safnvörður í Skógum hljóðritaði árið 1966 söng Geirlaugar Filippusdóttur (1876) á þessu lagi.

Ég byrja reisu mín,  
Jesú, í nafni þín.  
Höndin þín helg mig leiði  
úr hættu allri greiði.  
Jesús mér fylgi' í friði  
með fögru englaliði.

Móðurjörð minni frá  
þín mildin gæsku há  
leiddi með lukku blíða  
og létti öllum kviða.  
Jesús mér fylgi' í friði  
með fögru englaliði.

Í voða, vanda' og þraut  
vel eg þig förunaut,  
yfir mér virstu vaka  
og vara á mér taka,  
Jesús mér fylgi' í friði  
með fögru englaliði.

Ungmenna bænakorn á kvöld. Lagið er skráð af Bjarna Þorsteinssyni

Nú vil eg enn í nafni þínu,  
náðugi Guð, sem léttir þínu,  
mér að minni hvílu halla  
og heiðra þig fyrir gæsku alla,

móðgað hef ég margfaldlega  
mildi þína guðdómlega.  
Útslétt mínar syndir svartar,  
sundurkramið lækna hjarta

Þáða af þér á þessum degi,  
því er skylt eg gleymi eigi.  
En það má eg aumur játa,  
angri vafinn sýta og gráta,

afþvegið í æðsta flóði,  
endurlausnarans Jesú blóði,  
svo eg kvittur sofi í friði,  
sál og líf af engla liði

hjartans faðir, í hendur þínar  
hverfa lát þá öndu mína,  
hold í jörðu hægt lát blunda,  
helgra svo það biði funda,

og upprisinn að eg víki  
inn með þér í himnaríki.  
Þar mun eg þúsund þakkar færa.  
Þér sé lofgjörð, þris og æra. – Amen

Andlátssálmur sem skáldið orti síðast á sóttarsænginni 1674  
4 erindi af 45.

Kirstín Erna Blöndal

Guð komi sjálfur nú með náð,  
nú sjái Guð mitt efni' og ráð;  
nú er mér, Jesú, þörf á þér,  
þér hefi eg treyst í heimi hér.

Láttu nú sannast liðið þitt,  
líttu á kvein og andvarp mitt,  
ég sár-grátbæni, son guðs, þig  
syndirnar skildu nú við mig.

Sárbeiði' eg Guð af góðri lund:  
gef þú mér hæga dauðastund,  
ofbjóða lát ei andláts deyd,  
aumka þig yfir mína neyd.

Láttu mig, drottinn, lofa þig,  
með lofi þínu hvíla mig;  
ljósið í þínu ljósi sjá,  
lofa þig strax sem vakna má.

#### 1. sálmur

Um herrans Kristí útgang í grasgarðinn 1. 8. 10. 27. erindi  
Fyrsti sálmur Passíusálmanna hefur verið sunginn við mismunandi lög en hér er sungið lag sem Smári Ólason skrifaði upp eftir upptöku Hallfreðar Arnar Eiríkssonar af söng systkinanna Skarphéðins Gíslasonar (f. 1895) á Vagnstöðum í Suðursveit og Valgerðar Gísladóttur (f. 1898) árið 1967

Upp, upp, mín sál og allt mitt geð,  
upp mitt hjarta og rómur með,  
hugur og tunga hjálpi til.  
Herrans þínu ég minnast vil.

Guðs sonur, sá sem sannleiks ráð  
sjálfur átti á himni og láð,  
þáði sitt brauð með þakkargjörð,  
þegar hann umgekkst hér á jörð.

Ó, Jesú, gef þinn anda mér,  
allt svo verði til dýrðar þér  
uppteiknað, sungið, sagt og téð.  
Síðan þess aðrir njóti með.

Gef mér, Jesú, að gá að því,  
glaskeri ber ég minn fésjóð í.  
Viðvörðun þína virði eg mest,  
veikleika holdsins sér þú best.

#### 4. sálmur

Samtal Kristí við lærisveinana 4. 5. 14. 15. 24. erindi  
Sigurður Sævarsson

Ef ég skal ekki sofna í synd,  
svo er náttúran veik og blind,  
um steinsnar máttu eitt mér frá  
aldrei, minn Jesú, víkja þá.

Láttu þó aldrei leiðast þér,  
ljúfi Jesú, að benda mér.  
Hugsi til mín þitt hjartað milt.  
Hirtu mig líka sem þú vilt.

Næturhvíldin mín náttúrlig  
nóg er mér trygg, þá veit ég þig  
há mér vaka til hjálpræðis.  
Hvert kveld vil ég þig biðja þess.

Vil ég nú hjartans feginn fá,  
frelsari minn, að vaka þér hjá.  
Andinn til reiðu er í stað.  
Of mjög holdið forhindrar það.

Vaktu, minn Jesú, vaktu' í mér  
vaka láttu mig eins í þér.  
Sálin vaki, þá sofnar líf,  
sé hún ætíð í þinni hlíf.

### 9. sálmur

Um flóttu lærisveinanna 1. 10. erindi  
Þessi lagboði er frá þýska laginu „Ich ruf zu dir, Herr Jesu Christ“ (1535). Lag Bjarna Þorsteinssonar í Íslensk þjóðlög er nokkuð líkt því söngdæmi sem Smári Ólason velur við þennan sálm.

Þá lærisveinarnir sáu þar  
sinn herra gripinn höndum  
og hann af fólki verstu var  
vægðarlaust reyður böndum,  
allir senn honum flýðu frá,  
forlétu drottin hreinan  
í háska einan.  
Að svoddan skulum við, sál mín, gá.  
Sjáum hér lærdóm beinan.

Kvalaför, Jesú, þessi þín,  
sem þá gekkstú einu sinni,  
verí kraftur og verndin mín,  
svo veginn lífsins ég finni.  
Lát ekki djöful draga mig  
í dofínleik holdsins blinda  
til sekta og synda.  
Ég bið af ást og alúð þig  
ákefð hans burt að hrinda.

### 20. sálmur

Önnur áklögun Gyðinga fyrir Pílató 4. 8. erindi  
Sigurður Sævarsson

Fyrir mig, Jesú, þoldir þú  
þjáning og beiska þínu.  
Hjartað gleðst, því ég heyrí  
hrósað sakleysi þínu.  
Syndin lá sárt á mér;  
sök fannst engin hjá þér.  
Svo er sakleysið þitt  
sannlega orðið mitt;  
við málefni tókstu mínu.

Krossgangan, Jesú, þessi þín  
þar fyrir eflaust skeði,  
svo hvílast mætti sála mín  
sætt í eilífri gleði.  
Embættis ómak langt  
oft þó mér finnst strangt,  
til lofs og þóknunar þér  
það vil ég gjarnan hér  
líða með ljúfu geði.

### 33. sálmur

Um Kristí krossfesting 1.13. erindi  
Þessi laggerð er afbrigði af lagboðanum „Gæsku Guðs vér þrúsum“. Smári Ólason skrifaði lagið niður eftir upptökum Hallfreðar Arnar Eiríkssonar á söng Skarphéðins Gíslasonar (f. 1895) á Vagnstöðum í Suðursveit og systur hans Valgerðar Gísladóttur (f. 1898) árið 1967.

Kom loks með krossins byrði  
Kristur í Hausastað.  
Örþjáður trúí eg hann yrði.  
Edík galli blandað  
honum þeir héldu að.  
Drottinn vor dýrðar mildi  
drekka þó ekki vildi,  
þá hann smakkaði það.

Jesú Kristí kvöl eina,  
á krossinum fyrir mig sken,  
sé mín sáttargjörð hreina  
og syndakvittunin,  
af sjálfum guði sén.  
Upp á það önd mín vonar  
í nafni föðurs og sonar  
og heilags anda. Amen.



### 37. sálmur

Annað orð Kristí á krossinum 6. 10. 11. erindi, Kirstín Erna Blöndal

María, drottins móðir kær,  
merkir guðs kristni sanna:  
Undir krossinum oftast nær  
angur og sorg má kanna.  
Til hennar lítur þar herrann hjórt,  
huggunarorðið sendir dýrt  
og forsjón frómra manna.

Ég lít beint á þig, Jesú minn,  
jafnan þá hryggðin særir.  
Í mínum krossi krossinn þinn  
kröftuglega mig nærir.  
Sérhvert einasta sárið þitt  
sannlega græðir hjartað mitt  
og nýjan fögnuð færir.

Þá ég andvarpa, óska og bið,  
augunum trúar minnar  
lít ég hvert einast orðið við  
upp til krossþínu þinnar.  
Strax sýna mér þín signuð sár,  
syndugum manni opinn stár  
brunnur blessunarinnar.

### 44. sálmur

Það sjöunda orðið Kristí 1. 19. 22. erindi. Við niðurskrift Smára Ólasonar við þennan sálm var stuðst við söng Skarphéðins Gíslasonar (f. 1895) á Vagnstöðum í Suðursveit og systur hans Valgerðar Gísladóttur (f. 1898), laggerðin er greinilega komin af lagboðanum „Herra Guð í himnaríki“. Upptökuna gerði Hallfreður Örn Eiríksson 1967.

Hrópaði Jesús hátt í stað,  
holdsmegn og kraftur dvínar:  
Ég fel minn anda, frelsarinn kvað,  
faðir, í hendur þínar. -

Vertu, guð faðir, faðir minn  
í frelsarans Jesú nafni.  
Hönd þín leiði mig út og inn,  
svo allri synd ég hafni.

Minn Jesú, andlátsorðið þitt  
í mínu hjarta eg geymi.  
Sé það og líka síðast mitt,  
þá sofna eg burt úr heimi.

### 48. sálmur

Um Jesú síðusár 14. erindi, Kirstín Erna Blöndal

Gegnum Jesú helgast hjarta  
í himininn upp ég líta má.  
Guðs míns ástar birtu bjarta  
bæði fæ ég að reyna og sjá,  
Hryggðarmyrkrið sorgar svarta  
sálu minni hverftur þá.

### 50. sálmur

Um varðhaldsmennina 11. 12. 17. 18. erindi, Sigurður Sævarsson

Hvíli eg nú síðast huga minn,  
herra Jesú, við legstað þinn.  
Þegar ég gæti að greftran þín,  
gleðst sála mín.  
Skelfing og ótti dauðans dvín.

Svo finni eg hæga hvíld í þér,  
hvíldu, Jesú, í brjósti mér.  
Innsigli heilagur andi nú  
með ást og trú  
hjartað mitt, svo þar hvílist þú.

Sektir mínar og syndir barst  
sjálfur þegar þú þindur varst.  
Upp á það dóstu, drottinn kær,  
að kvittuðust þær.  
Hjartað því nýjan fögnuð fær.

Dýrð, vald, virðing og vegsemd hæst,  
víska, makt, speki og lofgjörð stærst  
sé þér, ó, Jesú, herra hárr,  
og heiður klár.  
Amen, amen, um eilíf ár.

Kirstín Erna Blöndal hefur verið syngjandi frá því hún man eftir sér og Hallgrímskirkja hefur lengi fengið að njóta krafta hennar. Hún hefur sungið með Mótettukór kirkjunnar og Schola cantorum, kvartettinum Grímu og kammerkórnum Carminu. Hún stundaði píanó- og söngnám við Tónlistarskólann í Garðabæ og hefur sótt námskeið í músíkþerapíu við Háskólann í Gautaborg og söngnámskeið hjá ýmsum þekktum söngvurum. Kirstin Erna kemur gjarnan fram með lítilli hljómsveit og hefur m.s. haldið tónleika fyrir syrgjendur. Sálmar Hallgríms Péturssonar hafa lengi verið henni hugleiknir og þá ekki síður lög in við þá í ýmsum útsetningum og hefur sjálf fengið við að semja lög við sálma Hallgríms. Kirstin Erna hefur gefið út geisladiskana Hjartað játi, elski, treysti, með lögum við sálma Sigurbjörns Einarssonar biskups (2011) og Faðm – sorgin og lífið.

### Hvers vegna Passíusálmar?

Lútherskra siðbreytingin komst tiltölulega fljótt á á Íslandi og hafði gríðarleg áhrif á menningu og hugsunarhátt fólks. Lútherskan lagði áherslu á kristnihald á móðurmáli. Þjóðleg íslensk kirkjumening tók að þróast, í fyrstu undir miklum áhrifum frá Dönum og Þjóðverjum, en áhrif frá miðstýrðu rómversku kirkjuvaldi dvínðu. Passíusálmar, sem fjalla um píslarsögu Krists og útlekkingar út frá henni að þýskri fyrirmynd voru sungnir á föstunni en margir hölluðu sér að þeim árið um kring og kunnu margar vísur úr þeim utan að. Passíusálmar sem og aðrir sálmar Hallgríms Péturssonar lifa enn í dag með þjóðinni og fullyrða má að þeir séu sungnir opinberlega í kirkjum á Íslandi á hverjum degi (við útfarir og messur) og flestir Íslendingar geta tekið undir í sumum bænasálmum hans (t.d. Vertu, Guð faðir, faðir minn) þótt fæstir séu þeir kirkjuræknir. Hin síðari ár hafa Passíusálmar verið lesnir upphátt í heild sinni í kirkjum landsins m.a. í Hallgrímskirkju í Reykjavík en þessir upplestrar njóta mikilla og vaxandi vinsælda og eru fjölsóttir. Passíusálmar voru upphaflega ætlaðir til söngs og fylgdi hverjum sálmi ákveðinn lagboði. Lagboðar þessir voru ýmist íslenskir eða þýskættuð sálmalög í íslenskum búningi. Margir þessara lagboða eru sungnir enn í dag en Íslendingar hafa líka samið ný lög við Passíusálmana frá útgáfu þeirra og fram á þennan dag. Tónlist Ernu og féлага við Passíusálmana og aðra sálma Hallgríms byggir á þessari hefð. Þau stöðjast við gömlu lagboðana en einnig íslensk sálmalög frá ýmsum tímum, þau yngstu frá þessari öld og nokkur þeirra eftir Ernu sjálfa. Ekki leitast þau þó við að fletja gömlu lög in úr þrúnaðlegum búningi heldur á sinn hátt þar sem hæfileikar og reynsla fletjenda fær að njóta sín í frumlegri en um leið áheyregri tónsköpun. Það er trú mín að tónlist þeirra muni opna augu og eyru margra fyrir Passíusálmum Hallgríms Péturssonar og um leið auka skilning manna á hugarheimi Íslendinga fyrri alda. Örn Arnarson

Kirstin Erna Blöndal is a singer and songwriter. Here she sings new versions of old songs and new ones, to verses by Hallgrímur Pétursson. His hymns have lived through the centuries and are sung almost everyday in Icelandic churches, his most famous is sung in almost every funeral service in the country. The melodies are mostly old and came to Iceland soon after the Reformation in 1550, and have lived with the nation because of Hallgrímur's Passion psalms. Kirstin Erna and her band use those old melodies, but make also new ones and continue to keep Hallgrímur's legend alive.

## LAUGARDAGUR 25. OKTÓBER

### 12.00 Wayne Siegel: Fögnuður (2014)

fyrir orgel, stjórnað af vélmenni gegnum veðurgervitungl.

Verkið Fögnuður var pantað af Hallgrímskirkju með styrk frá Danská listasjóðnum (Statens kunstfond). Verkið er samið og flutt af tölvu, sem er beintengd við Klais-orgelið, án íhlutunar mannskra krafta. Verkið byggir á tónsmíðahugmyndum og tækni, sem kom fyrst fram í 12 tíma löngu verki fyrir pípuorgel eftir Siegel árið 2013; Allir eru að tala um veðrið (Everyone Talks about the Weather). Því var einnig stjórnað af vélmenni í gegnum veðurgerfritungl, þar sem möguleikar þess að stjórna orgeli beint með tölvu, án organista, voru kannaðir.

Pípuorgel sem hægt er að stjórna með tölvu á þennan hátt eru fremur sjaldgæf. Nokkrir vinir tónskáldsins hér á landi bentu honum á að eitt þessara hljóðfæra væri að finna í Hallgrímskirkju, stærstu og stórfenglegustu kirkjunni í Reykjavík. Hördur Áskelsson, organisti og kantor kirkjunnar, tók vel í hugmyndina og Listvinafélag kirkjunnar pantaði verk fyrir orgelið.

Í Fögnuði kallar tölvan fram rytma, laglínur og hljóma eftir sérstöku kerfi. Tölvan er tengd við veðurgervitunglið Meteostat-10 og upplýsingar frá gervitunglinu hafa áhrif á forritið. Hver flutningur verksins er því einstakur og háður veðurskilyrðum á stóru svæði í Norður-Evrópu, sem nær frá Póllandi í austri að ákveðnu hnit vestur af Íslandi. Tölvan spilar tónlistina á staðnum og hún er flutt á öll hljómborð orgelsins og notar til þess margvíslega sköpunartækni. Í nokkrum hlutum verksins leikur tölvan tilbrigði við laglínur sem fengnar eru úr sex gömlum lögum við sálma Hallgríms.

Wayne Siegel hefur samið margskonar tónlist, allt frá raftónlist til hljómsveitarverka, frá kammertónlist til óperu í fullri lengd, sem byggir á vísindaskáldsskap. Alþjóðlegir tónlistarhópar og tónlistarmenn hafa pantað hjá honum verk, eins og Kronos-kvartettinn, Singcircle, Safri Duo og Harry Sparnay og verk hans hafa verið flutt um alla Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku og Asíu. Mörg verka hans er erfitt að skilgreina, þau falla á milli greina og hann hefur unnið markvisst að því að tengja tónlistartegundir og tónsmíðaaðferðir saman og leitt saman greinar eins og

þjóðlagatónlist, rokk og minimalisma. Siegel notar oft tölvur við gagnvirka tónsköpun, og leyfir þá gjarnan áheyrendum, dönsurum – og jafnvel veðrinu – að hafa áhrif á þróun tónlistarinnar. Wayne Siegel er frá Kaliforníu í Bandaríkjunum, þar sem hann drakk í sig áhrif frá þjóðlagatónlist, blues og avant-garde rokkatónlist. Hann lagði stund á tónsmíðar við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara snemma á áttunda áratug síðustu aldar. Árið 1974 fluttist hann til Danmerkur þar sem hann hefur unnið sem tónskáld, tónlistarflytjandi, rannsakandi, sýningastjóri, kynningarstjóri og kennari. Árið 1986 varð hann stjórnandi Raftónlistarmiðstöðvar Danmerkur (DIEM) og var skipaður prófessor í raftónlist við Konunglega tónlistarháskólann í Árósum árið 2003. Árið 2013 hlotnuðust honum heiðursverðlaun danska menningarráðuneytisins fyrir einstök listræn afrek.

### **Wayne Siegel: Celebration (2014) for robot-controlled pipe organ and weather satellite**

Celebration was commissioned by Hallgrímskirkja in Reykjavík with financial support from the Danish Arts Foundation. The piece is composed and performed by a computer connected directly to the large Klais organ in the church without human intervention. The work is based on compositional ideas and techniques developed for my 12-hour composition Everyone Talks about the Weather (2013) for robot-controlled pipe organ and weather satellite, which examined the possibility of controlling the organ directly from a computer – without an organist.

Pipe organs that can be controlled by a computer are relatively rare. However, some friends in Iceland pointed out that such an instrument existed at Hallgrímskirkja: Reykjavík's largest and most impressive church. The church is named after one of Iceland's most important poets: Hallgrímur Petursson (1614-1674). The church organist, Hörður Áskelsson, was enthusiastic about the idea and he agreed to commission a new work to be premiered on October 25, 2014 in celebration of Hallgrímur's 400th birthday. In Celebration the computer generates rhythms, melodies and harmonies according to a specially designed generative system. The computer is linked to the Meteostat-10 weather satellite, and data from the weather satellite influences the program. Each performance of the work is unique and dependent on the weather in a large area of northern Europe stretching from Poland to a point west of Iceland. The computer creates the music live, performing on the four manuals and pedals of the organ using several different generative techniques that intertwine with each other. In certain sections of the piece the computer creates variations on melodies from six different traditional Icelandic psalms that are often sung in church with texts by Hallgrímur.

Wayne Siegel has written music in many genres ranging from electronic music to orchestral works, from chamber music to a full-length science fiction opera. Leading international artists, including the Kronos Quartet, Singcircle, Safri Duo and Harry

Sparnaay, have commissioned works from him. His music has been performed widely throughout Europe, the Americas and Asia. Many of his works fall between genres, combining diverse cultural elements and compositional techniques, encompassing influences from folk music, rock and minimalism. He often uses computers for interactive sound and music, allowing performers, dancers and even the weather to control and influence his compositions. Wayne Siegel was originally from California, where he was inspired by American folk music, blues and avant-garde rock. He studied music composition at the University of California at Santa Barbara in the early 1970's. In 1974 he moved to Denmark to study composition with Per Nørgård. He settled in Denmark, where he has worked as a composer, performer, researcher, curator, promoter and teacher. In 1986 he became director of Denmark's national electronic music center, DIEM, and in 2003 Siegel was appointed professor of electronic music at the Royal Academy of Music in Aarhus. In 2013 he was awarded a life-long artist's stipend from the Danish Ministry of Culture for outstanding artistic achievement.

### **13.15: Mótettukór Hallgrímskirkju - kórtónlist tengd Hallgrími Péturssyni**

Mótettukór Hallgrímskirkju sem nýverið vann til fernna gullverðlauna í alþjóðlegri kórakeppni á Spáni flytur sálma eftir Hallgrím í búningi íslenskra tónskálda. Stjórnandi: Hörður Áskelsson, kynni: Atli Freyr Steinþórsson.

#### **Efnisskrá:**

#### **Smári Ólason (úts.): Ég byrja reisu mín**

Ég byrja reisu mín,  
Jesú, í nafni þín,  
höndin þín helg mig leiði,  
úr hættu allri greiði.  
Jesús mér fylgi' í friði  
með fögru englaliði.

Móðurjörð minni frá  
þín mildin gæskuhá  
leiddi með lukku blíða  
og létti öllum kvíða.  
Jesús mér fylgi' í friði  
með fögru englaliði.

Í voða, vanda' og þraut  
vel eg þig förunaut,  
yfir mér virstu vaka  
og vara á mér taka.  
Jesús mér fylgi' í friði  
með fögru englaliði.

#### **Jón Hlöðver Áskelsson: Upp, upp, mín sál og allt mitt geð**

Upp, upp, mín sál og allt mitt geð,  
upp mitt hjarta og rómur með,  
hugur og tunga hjálpi til,  
Herrans þínu ég minnast vil.  
Ps. 1,1



### Sigurður Sævarsson: Fyrir mig, Jesú, þoldir þú

Fyrir mig, Jesú, þoldir þú  
þjáning og beiska þínu.  
Hjartað gleðst, því ég heyrir nú,  
hrósað sakleysi þínu.  
Syndin lá sárt á mér.  
Sök fannst engin hjá þér.  
Svo er sakleysið þitt  
sannlega orðið mitt.  
Við málefni tókstu mínu.

Krossganga, Jesú, þessi þín  
þar fyrir eflaust skeði,  
svo hvílast mætti sála mín  
sætt í eilífri gleði.  
Embættis ómak langt  
oft þó mér finnst strangt,  
til lofs og þóknunar þér  
það vil ég gjarnan hér  
líða með ljúfu geði.  
Ps. 20,4 og 8

### Thomas Schattberg: O Jesu mi dulcissime

O Jesu mi dulcissime,  
spes suspirantis animae,  
te quaerunt piae lacrumae,  
et clamor mentis intimae.  
Quocunque loco fuero,  
mecum Jesum desidero,  
quam laetus cum invenero,  
quam felix cum tenuero.  
Tunc amplexus, tunc oscula,  
quae vincunt mellis pocula  
tunc Christi felix copula,  
sed in his parva morula.

Bernhard frá Clairvaux

O Jesus, my sweetest,  
hope of my sighing soul,  
you it is that my pious tears seek  
and the cry from my innermost mind.  
Wherever I will be  
I desire Jesus with me.  
How glad I shall be when I find him,  
how happy when I hold him!  
Then there will be embraces, then there will be kisses  
that surpass drinks of honey,  
then there will be the happy union with Christ.  
There is but a short delay with these things.

### Schütz: Die mit Tränen säen, SWV 378

Die mit Tränen säen, werden mit Freuden ernten. Sie gehen hin und weinen  
und tragen edlen Samen und kommen mit Freuden und bringen ihre Garben.

Þeir sem sá með tárnum munu uppskera með gleðisöng. Grátandi fara  
menn og bera sáðkorn til sáningar, með gleðisöng koma þeir aftur og bera  
kornbindin heim.

Sl. 126,5-6

### Hreiðar Ingi Þorsteinsson: Ég veit minn ljúfur lifir

Ég veit, minn ljúfur lifir  
lausnarinn himnum á,  
hann ræður öllu yfir,  
einn heitir Jesús sá.  
Sigrarinn dauðans sanni  
sjálfur á krossi dó  
og mér svo aumum manni  
eilíft líf víst til bjó.

Jesús er mér í minni,  
mig á hans vald ég gef,  
hvort ég er úti eða inni,  
eins þá ég vaki og sef.  
Hann er mín hjálp og hreysti,  
hann er mitt rétta líf,  
honum af hjarta eg treysti,  
hann mýkir dauðans kíf.

Ég lifi í Jesú nafni,  
í Jesú nafni eg dey.  
Þó heilsa og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt.  
Í Kristi krafti eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Um dauðans óvissan tíma, v. 10, 12 og 13

### Jón Hlöðver Áskelsson (úts.): Víst ertu, Jesú, kóngur klár

Víst ertu, Jesú, kóngur klár,  
kóngur dýrðar um eilíf ár,  
kóngur englanna, kóngur vor,  
kóngur almættis tignarstór.

Frelsaður kem ég þá fyrir þinn dóm,  
fagnaðarsælan heyrir ég róm.  
Í þínu nafni útvaldir  
útvalinn kalla mig hjá sér.

Jesú, þín kristni kýs þig nú.  
Kóngur hennar einn heitir þú.  
Stjórn þín henni svo haldi við,  
himneskum nái dýrðarfríð.  
Ps. 27,9, 12 og 15

### Jón Leifs: Vert Guð faðir, faðir minn

Vertu Guð faðir, faðir minn,  
í frelsarans Jesú nafni,  
Hönd þín leiðir mig út og inn,  
svo allri synd ég hafni.

Ps. 44, 19

### Haldór Hauksson: Gleym minni synd og gef mér náð

Gleym minni synd og gef mér náð,  
Guð minn, í Jesú nafni.  
Ég legg mig á þitt líknarráð  
með lífs og sálar efni.  
Bevara mig frá bráðum deyð,  
héðan í friði heim mig leið  
í himna ríkis sæti.  
Amen, ó drottinn mæti.  
HP

### Jón Hlöðver Áskelsson (úts.): Dýrð, vald, virðing

Dýrð, vald, virðing og vegsemd hæst,  
viska, makt, speki og lofgjörð stærst  
sé þér, ó Jesú, herra hárr,  
og heiður klár.  
Amen, amen, um eilíf ár.  
Ps. 50,18





**Mótettukór Hallgrímskirkju** var stofnaður árið 1982 og hefur síðan verið meðal fremstu kóra landsins. Verkefalisti kórsins er langur og fjölskrúðugur. Þar má finna fjölmargar óratórir, passíur og sálumessur en líka kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Mótettukórinn hefur farið í margar tónleikaferðir og sungið í helstu dómkirkjum Evrópu, auk þess sem hann hefur tekið þátt í ýmsum tónlistarhátíðum. Hann hefur auk þess gefið út fjölda geisladiska. Kórinn var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem flytjandi ársins 2012 og nú í haust vann kórinn til fernra gullverðlauna í alþjóðlegri kórakeppni, Cançó Mediterrània á Spáni. Meðal stórverka sem Mótettukórinn hefur flutt á síðustu árum má nefna Matteusarpassíu, Jóhannesarpassíu, Jóláóratóriu og H-moll messu J.S. Bachs, sálumessur eftir Mozart, Duruflé og Fauré, óratóriurnar Elía og Paulus eftir Mendelssohn, Vesper eftir Rachmaninoff, Messu fyrir tvo kóra eftir Frank Martin og Þýska sálumessu eftir Johannes Brahms. Kórinn kemur auk þess reglulega fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands en í mars 2012 flutti hann ásamt sveitinni Messu í c-moll eftir Mozart og í júní sama ár 9. sinfóníu Beethovens.

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur sungið inn á marga geisladiska og hefur fengið mikið lof erlendra gagnrýnenda fyrir diska með sálumessu Maurice Duruflés og Passíu eftir Haflíða Hallgrímsson. Þá hafa komið út geisladiskar hjá sænska útgáfufyrirtækinu BIS þar sem kórinn syngur verk Jóns Leifs með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Einnig hafa jólagæisla-diskar Mótettukórsins notið mikilla vinsælda. Í lok árs 2008 var gefinn út geisladiskur með íslenskri kirkjutónlist, Ljósið þitt lýsi mér, en sá diskur seldist upp og var endurútgefinn árið 2011 í sérstakri viðhafnarútgáfu ásamt heimildarmynd eftir Heimi Hlöðversson um tónleikaferð kórsins í kringum landið. Það ár kom einnig út nýr jóladiskur með jólatónleikum kórsins árið 2010 ásamt Kristni Sigmundssyni óperusöngvara sem ber titilinn Heilög stund á jörð.

Meðal verka sem kórinn hefur frumflutt nýlega má nefna óratóriuna Cecilíu eftir Áskel Mátsson og Thor Vilhjálmsson árið 2009, sem var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2010 sem tónverk ársins, og Fléttu eftir Hauk Tómasson, sem var frumflutt á Listahátíð í Reykjavík 2011 og kom út í lok síðasta árs bæði á mynd- og geisladiski. Í október 2011 fór kórinn í tónleikaferðalag til Þýskalands og Austurríkis, þar sem hann kom m.a. fram í dómkirkjunni í Frankfurt meðan á alþjóðlegu Bókahátíðinni stóð. Síðasta starfsár kórsins var mjög viðburðaríkt. Kórinn söng á opnunartónleikum Norræna kirkjutónlistarmótsins ásamt SÍ í Hallgrímskirkju þann 6. september 2012, flutti óratóriuna Christus am Ölberge eftir Beethoven ásamt SÍ í Eldborg þann 8. nóvember, og Jóláóratóriu Bachs í Eldborg, ásamt einsöngvurum og Alþjóðlegu barokksveitinni í Den Haag, dagana 29. og 30. desember. Mótettukórinn var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem flytjandi ársins 2012.

**Hörður Áskelsson** hefur verið organisti og kantor Hallgrímskirkju frá því hann lauk framhaldsnámi í Düsseldorf í Þýskalandi árið 1982. Hann hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs kirkjunnar og stóð meðal annars að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kirkjulistahátíðar og Alþjóðlega orgel sumars.

Árið 1982 stofnaði hann Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola cantorum árið 1996. Með kórnum hefur hann flutt flestar helstu perlur kórbókmenntanna bæði með og án undirleiks. Þá hefur hann stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað á undanförunum árum og má nefna Passíu eftir Haflíða Hallgrímsson, óratóriuna Cecilíu eftir Áskel Mátsson og Thor Vilhjálmsson og Fléttu eftir Hauk Tómasson.

Með kórnum sínum hefur Hörður komið fram á tónlistarhátíðum víða um heim og farið tónleikaferðir, m.a. um Kanada, Þýskaland, Austurríki, Frakkland, Bretland og Norðurlöndin auk þess að taka þátt í keppnum á Ítalíu, Frakklandi og Írlandi, þ.s. kórar hans unnu til verðlauna. Hörður hefur haldið tónleika í mörgum stærstu kirkjum Evrópu bæði sem kórstjóri og organisti, m.a. í Kölnardómkirkju, Notre Dame og St. Sulpice í París og dómkirkjunum í Frankfurt, Brüssel, Helsinki o.fl. Hörður hefur hlotið margsháttar viðurkenninga fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þ.á m. Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2001, Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann borgarlistamaður Reykjavíkur 2002.

Hörður hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og á árunum 1985-1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hörður gegndi embætti Söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar árin 2005-2011. Hörður hlaut 6 mánaða starfslaun íslenska ríkisins 2013 og vann efni á tvo nýja orgelgeisladiska og er annar þeirra nýkominn út.

**The Hallgrímskirkja Motet Choir**, founded in 1982, has long been one of the leading choirs in Iceland. Its large and diverse repertoire includes a number of oratorios, passions and requiems, as well as a cappella sacred music from various periods. The choir has also premiered many Icelandic compositions. It has toured widely and performed in some of Europe's most prominent cathedrals and at festivals such as the Bergen Arts Festival and the Wiener Festwochen. The choir sang at the Nordic Church Music Symposiums in Oslo 1986, Gothenburg 1996 and Reykjavík 2012 and 1996 it won a prize at the International Choral Competition in Cork, Ireland.

Among major works performed recently by the Hallgrímskirkja Motet Choir are J.S. Bach's passions, the Christmas Oratorio and Mass in B minor, the requiems by Mozart, Duruflé and Fauré, the oratorios Elijah and Paulus by Mendelssohn, Vesper by Rachmaninoff, Mass for Double Choir by Frank Martin, A German Requiem by Johannes Brahms and Messe Solennelle by Louis Vierne. The choir also regularly performs with the Iceland Symphony Orchestra and was recently nominated as Performer of the Year in the category of Classical and Contemporary Music at the 2012 Icelandic Music Awards.

Having released a number of CDs, the choir has earned international acclaim for its recordings of Maurice Duruflé's Requiem and Hafliði Hallgrímsson's Passía. On the Swedish label BIS, the choir has recorded works by Jón Leifs with the Iceland Symphony Orchestra. The choir's Christmas albums are also popular, as are its Christmas concerts in Hallgrímskirkja, which have become a perennial fixture in Reykjavík's music scene during advent. In 2011 a special deluxe edition was released of the choir's sold-out album of sacred music, Ljósið þitt lýsi mér, along with a documentary by Heimir Hlöðversson on the choir's Icelandic concert tour. An album was also released the same year of the 2010 Christmas concert with opera singer Kristinn Sigmundsson. Finally, a double album was released in 2012 with a new piece from composer Haukur Tómasson called Flétta, recorded at its premiere during the 2011 Reykjavík Arts Festival, along with a video and interviews with the composer and conductor.

Recent premieres of Icelandic music include St. Cecilia, an oratorio by Áskell Másson and writer Thor Vilhjálmsson which was nominated for Composition of the Year at the 2010 Icelandic Music Awards. In October 2011 the choir toured in Germany and Austria, performing at the Passau Cathedral and at the Frankfurt Cathedral at the Frankfurt International Book Fair. During its 30th anniversary year in 2012 the choir performed Mozart's Great Mass in C minor and his Requiem in March and April, Beethoven's 9th Symphony with the Iceland Symphony Orchestra in June, secular and sacred choir music in the annual summer concert, Jón Nordal's Matins in Spring for the opening ceremony of the Nordic Church Music Symposium in September, and Beethoven's oratorio Christus am Ölberge with the Iceland Symphony Orchestra in November. Future projects include albums of concert recordings of works by Brahms, Mozart and Rachmaninoff. The choir was nominated to the Icelandic Music Prize as the performer of the year in 2012 and this autumn it won four golden preces at the choir competition Cançó Mediterrània in Spain.

**Hörður Áskelsson** has been organist and the musical director of the Hallgrímskirkja church since 1982, when he moved back to Iceland after having graduated with honours from the Robert Schumann Rhineland State Conservatory in Düsseldorf in Germany. Ever since, he has played an important role in the artistic activities of the church with the choirs and through the foundation of the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society, the Sacred Arts Festival and The International Organ Summer Festival. Hörður was appointed organist and cantor of Hallgrímskirkja in the spring of 1982 and has been the driving force in ever since. In 1982, he founded the Hallgrímskirkja Motet Choir and the Schola Cantorum chamber choir in 1996. With the choirs he has performed most of the gems of the mixed choirs repertoire both a cappella and with organ or orchestra. These include many works for choir and orchestra by Icelandic composers such as Christmas Oratorio by Jón Speight, Passion by Hafliði Hallgrímsson, the oratorio Cecilia by composer Áskell Másson and writer Thor Vilhjálmsson and most recently Flétta by Haukur Tómasson.

Hörður Áskelsson has toured extensively with his choirs to countries such as all the Scandinavian countries, Germany, Austria, France, Britain, Canada, Italy and Ireland. He has given concerts in many of Europe's greatest churches, both as a choir director and as an organist. These include the cathedrals of Cologne, Frankfurt, Brussels, Helsinki and the Notre Dame in Paris, France. Hörður Áskelsson has received much recognition for his contribution to the musical scene in Iceland; the Icelandic Music Award in 2001, the Knight's Cross of the Icelandic Order of the Falcon 2004 and the Icelandic Optimist Prize in 2006. In 2002 he was appointed Municipal Artist of Reykjavík. 2005–2011 he held the post of Church Music Director of the National Church of Iceland.

## 14.00 Hver var Hallgrímur? Málþing á Hallgrímshátíð

Þrír fræðimenn halda fyrirlestra um verk Hallgríms Péturssonar:

**Margrét Eggertsdóttir rannsóknarprófessor:**

**Hallgrímur og alþýðan.**

**Rímur til skemmtunar og kvæði ætluð ungum og ófróðum.**

Í fyrirlestrinum verður sjónum beint að hinu unga rímnaskáldi, Hallgrími Péturssyni. Fjallað verður um Rímur af Lykla-Péttri og Magellónu sem eru með því elsta sem vitað er með vissu að hann hafi ort. Rímur og Passíusálmar eru gjörólíkar bókmenntagreinar sem eiga þó eitt og annað sameiginlegt þegar vel er að gáð. Fjallað verður um afstöðu Hallgríms til áheyrenda eða lesenda, viðhorf hans til bókmenntahefðarinnar og sögufræðisins. Rímur af Lykla-Péttri og Magellónu eru byggðar á sögu um elskendur sem lenda í margvíslegum erfiðleikum og hremmingum en ná þó saman að lokum. Bent hefur verið á að Hallgrímur tjái sig um eigin reynslu í mánöngvum rímnanna en engum virðist hafa dottið í hug að sjálfst sögufræði kunni að hafa höfðað til hans á persónulegan hátt.

**Þórunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur:**

**Hallgrímur og elítan.**

**Hvað geta kvæði Hallgríms sagt okkur um félagslegt tengslanet hans?**

Þórunn Sigurðardóttir fjallar um þau félagslegu tengsl Hallgríms Péturssonar sem greina má út úr tækifæriskvæðum sem hafa varðveist eftir hann – annars vegar er um að ræða vel þekkt kvæði, sem hafa verið prentuð í Hallgrímskveri frá því á 18. öld, og hins vegar erfikvæði eftir skáldið sem hefur verið hulið sjónum manna um nokkur árhundruð en var nýlega dregið fram í dagsljósið. Kvæðið bendir til hugsanlegra tengsla Hallgríms við eina auðgustu og valdamestu fjölskyldu landsins. Það er elsta erflijóð skáldsins ef undan eru skilin harmljóðin um dóttur hans Steinunni, og það er varðveitt í einu elsta handriti sem geymir kvæði eftir Hallgrím, aðeins eiginhandarrit hans að Passíusálmunum er eldra. Kvæðin sýna hvernig hægt er að ráða í félagsleg tengsl milli manna á 17. öld úr kveðskap.

Sveinn Yngvi Egilsson prófessor:

„Að þínum krossi, Kriste kær, kem ég sem einn framandi“.

Líkamsmyndir Passíusálma í augum nútímalesanda.

Í Passíusálmum Hallgríms Péturssonar er píslarsögu Kristis lýst í einstökum atriðum og þar ber mikið á líkamsmyndum. Í erindinu verður sjónum beint að 48. sálmi sem fjallar um síðusár Kristis. Hugað verður að birtingarmyndum líkamans í sálminum og útleggingu skáldsins á píslarsöggunni. Spurt verður um þýðingu þeirra fyrir nútímafólk sem er ekki endilega trúað og hvort hægt sé að greina framhald á líkamsmyndum af þessu tagi í veraldlegri list okkar daga.

Ingibjörg Eyþórsdóttir íslenskufraeðingur kynnrir og stýrir umræðum.

## 16.00 Átta skáld og Hallgrímur og „Við strjúkum þitt enni“

Átta skáld framtíðarinnar voru beðin að fjalla um Hallgrím Pétursson. Mörg hver hafa stundað meistaranám í ritlist og öll hafa þau gefið út ljóð, smásögur, skáldsögur eða leikþætti. Hvert þeirra nálgast Hallgrím með sínu móti og hér fá áheyrendur að heyra afraksturinn. Skáldin eru:

Dagur Hjartarson (1986)

Helstu útg: Eldhafið yfir okkur 2013

Sjálfsmorðstíðni í Finnlandi, melankólísk skáldsaga 2013

Hvísl (rit meistaranema í ritlist) 2013

Þar sem vindarnir hvílast og fleiri einlæg ljóð 2012

Halla Margrét Jóhannesdóttir (1965)

Helstu útg: 48 ljóð 2013

Hvísl (rit meistaranema í ritlist) 2013

Gaggað í grjótinu 2010

Hrafnhildur Þórhallsdóttir (1975)

Eftir fallið (í TMM) 2014

Saltvatnaskil 2014

Hvísl (rit meistaranema í ritlist) 2013

Magnús Sigurðsson (1984)

Krummafótur, ljóð og skissur 2014

Tími kaldra mána 2013

Blindir fiskar 2011

Ragnar Helgi Ólafsson (1971) rekur forlagið Nýtt tungl, er einnig myndlistarmaður og grafískur hönnuður

Bréf frá Butan 2013

Sigurlín Bjarney Gísladóttir (1975)

Harmljóð (í TMM) 2014

Bjarg 2013

Hvísl (rit meistaranema í ritlist) 2013

Snæbjörn Brynjarsson (1984)

Draumsverð 2013

Hrafnsauga 2012 ásamt Kjartani Yngva Björnssyni og

hlaut fyrir Íslensku bókmenntaverðlaun í flokki barnabóka.

Amerísk draumurinn (í TMM) 2006

Soffía Bjarnadóttir (1975)

Fjögur ljóð (í TMM) 2014

Segulskekka 2014

Kristín Steinsdóttir rithöfundur og dr. Sigurður Árni Þórðarson völdu skáldin.

## Við strjúkum þitt enni

Frumflutningur verks eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur skáld og tónskáldið Oliver Kentish. Flytjendur: Kammerkórinn Hljómeyki, Björn Steinar Sólbergsson orgelleikari og Steev van Oosterhout slagverksleikari. Stjórnandi er Marta Guðrún Halldórsdóttir. Verkið var pantað af Tónmenntasjóði kirkjunnar í tilefni af 400 ára afmæli Hallgríms.

Við strjúkum þitt enni og stormkaldan beð  
veðraðar axlir og vangana með  
þú stendur ei framar á fætur

Spanskgrænan drýpur af deyjandi hönd  
blaktir á skari þín bilaða önd  
og tíminn er mældur í turni

Svæfillinn bíður, nú svimar þig hart  
holdið er lasið og hryggðin þitt skart  
en vissa þín vakir í laumi

Hallgrímur, Hallgrímur  
hart ertu leikinn,  
helgrímur, helgrímur  
hrylla sig allar  
en ljóstýra logar í heimi

Kólfur ymur, kyrrist þína  
klukkan glymur, gerist bjart?

Við vogum oss ekki að varpa þér burt  
í vörðum og táknum þú verður um kjurt  
í skarðinu skyggir á trúna

Svæfillinn bíður, nú svimar þig ótt  
endar þá mannsævin, meistari, skjótt?  
– séra, hvað sýnist þér núna?

Kólfur ymur, kyrrist þína  
klukkan glymur, gerist bjart?

Hallgrímur, Hallgrímur  
hart ertu leikinn,  
helgrímur, helgrímur  
hrylla sig allar  
en orðið er ennþá á sveimi

Kólfur ymur  
kemur bjartur tími.

Sigurbjörg Þrastardóttir



Við strjúkum þitt enni við samnefnt ljóð Sigurbjargar Þrastardóttur, var pantað af Tónmenntasjóði kirkjunnar vegna 400 ára afmælis Hallgríms Péturssonar, 2014. Verkið er fyrir blandaðan kór og orgel, með eða án rörklukkuna.

Í verkinu hittum við Hallgrím fyrir á dauðastundinni, þeirri stund sem hann hefur fjallað um alla ævi sem skáld og prestur. Á þessum landamærum ljóma upp trúin og efinn og við þráum að heyra hvað Hallgrímur hefur að segja okkur. Við undirbúning verksins horfðum við m.a. til höggmyndar Einars Jónssonar í garðinum við Hnitbjörg þar sem þjáning skáldsins er læst í kopar og dauðanum þannig seinkað.

Oliver Kentish (1954) fæddist í London. Hann stundaði framhaldsnám í sellóleik við Royal Academy of Music þar í borg. Árið 1977 kom hann til Íslands til þess að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Oliver er með yfir tvö hundruð verk af ýmsu tagi á skrá hjá Íslensku tónverkamiðstöðinni, þ.á.m. einleikskonserta, fleiri tugi sönglaga, kór- og kammerverk. Hann hefur þrisvar verið staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti og hefur unnið til verðlauna fyrir tónsmíðar sínar. Verk hans hafa verið flutt víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og í Rússlandi og sum verk má finna á geisladiskum m.a. með Helgu Ingólfsdóttur, Rúnari Óskarssyni, Duo Harpverk og Schola Cantorum.

Sigurbjörg Þrastardóttir (1973) er rithöfundur og skáld. Hún hefur sent frá sér ljóðabækur, skáldsögur og leikverk og hlotið m.a. Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir Sólar sögu og Fjöruverðlaunin fyrir ljóðsöguna Blysfarir. Sigurbjörg hefur komið fram á bókmenntahátíðum víða um lönd og ljóð eftir hana hafa verið þýdd á fjórtán tungumál. Þá hefur hún samið texta við nýja íslenska sálma og tónverk, t.d. eftir Huga Guðmundsson og Tómas Guðna Eggertsson. Í haust kemur út áttunda ljóðabók hennar, Kátt skinn (og gloría).

Sönghópurinn Hljómeyki hélt sína fyrstu tónleika í Norræna húsinu 23. mars árið 1974 og fagnar því 40 ára afmæli um þessar mundir. Hljómeyki skipaði sér þegar í fremstu röð íslenskra kóra og hefur á þeim áratugum sem liðnir eru flutt ógrynni verka af margvíslegu tagi — allt frá fjöltrádda kórmúsík endurreisnarinnar til íslenskrar rokk-tónlistar samtímans.

Á ferli sínum hefur Hljómeyki tekið þátt í óperuflutningi og hefur komið reglulega fram sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands á undanförunum árum, síðast í flutningi sveitarinnar á Hringadróttinssinfóníu Howards Shore. Hljómeyki hefur einnig komið fram á tónleikum með Hljómsveitunum Todmobile, Sólstöfum, Skálmöld og Dúndurfréttum. Kórinn hefur gefið út sex geisladiska.

Marta Guðrún Halldórsdóttir (1967) tók sín fyrstu skref í tónlistarlífinu sem meðlimur Hljómeysis á Sumartónleikum í Skálholti á sínum unglingsárum. Að loknu söngnámi í Þýskalandi

árið 1993 hefur hún starfað sem söngkona og söngkennari og komið fram með helstu kórum, Hljómsveitum og kammerhópum hér á landi. Marta hefur verið í fremstu röð túlkenda á sviði samtímatónlistar. Hún hefur frumflutt og hljóðritað íslensk verk og flutt íslenska tónlist á tónleikaferðum m.a. í Japan og víða í Evrópu. Marta hefur farið með aðalhlutverk í óperum og söngleikjum í Íslensku óperunni og Þjóðleikhúsinu, verið atkvæðamikil í flutningi barokktónlistar og hefur unnið með fjölmörgum listamönnum á því sviði.

Marta hefur lagt rækt við íslenskan tónlistararf og flutt íslensk þjóðlög í útsetningum ýmissa tónskálda, gjarnan með Erni Magnússyni píanóleikara. Þau eru stofnendur smásveitarinnar Spilmanna Ríkisins sem flytur gamla íslenska tónlist á forn íslensk hljóðfæri.

Marta Guðrún hefur stjórnað kór nemenda við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar um árabíl. Hún er eftirsóttur raddþjálfari og hefur m.a. unnið með Mótettukór Hallgrímiskirkju og Kór Breiðholtiðskirkju. Hún hefur verið stjórnandi Hljómeysis frá vorinu 2011.

Við strjúkum þitt enni (We stroke your brow) was commissioned by the Icelandic Church's Composers Fund for the occasion of the 400th anniversary of the birth of the great Icelandic poet, Hallgrímur Pétursson and is scored for mixed choir, organ and tubular bells (ad lib.) to an especially commissioned poem by Sigurbjörg Þrastardóttir.

Oliver Kentish (1954) trained as a cellist at the Royal Academy of Music. He came to Iceland in 1977 and is active as a composer, with more than two hundred compositions in most genres listed at the Iceland Music Information Centre.

Recipient of several prizes and official awards, his music has been performed widely in the Scandinavian countries, Europe, Russia and the United States and his music has featured on several CDs both in Iceland and abroad.

Sigurbjörg Þrastardóttir (1973) is a writer and a poet. She has published poetry, novels and theatrical plays and has received several prizes for her work. She has been a guest at numerous festivals in Iceland and abroad and selected poems have been translated into fourteen languages.

The chamber choir Hljómeyki was founded in 1974 and are therefore celebrating their 40th anniversary. Hljómeyki is one of the most prominent choirs of Iceland and have performed and premiered a large number of music of all kinds – traditional fourvoiced choirmusic from the baroc-period to brandnew Icelandic rock-music. Hljómeyki has participated in Operaperformances and have regularly performed with the Icelandic Symphony Orchestra in recent years, most recently Howard Shore's Lord of the Rings Symphony. They have also participated in concerts with few popular popgroups, and have released six cd's.

Marta Guðrún Halldórsdóttir (1967) started her musical carrier in her teenage years as a member of Hljómeyki chamber choir at the Skálholt Summer Concerts . After completing her vocal performance studies in Germany 1993, she became an active performer and teacher in Iceland and has since been soloist with all major choirs, orchestras and ensembles in Iceland. Marta is a leading performer of contemporary music and has premiered and recorded many new Icelandic pieces and performed Icelandic music on concert tours widely in Europe and in Japan. She has taken on leading roles in operas and musicals in the Icelandic Opera and the National Theatre and has also had an extensive carrier in Baroque performance and has worked with many internationally acclaimed artists in that field.

Marta has been active in the performance practice of the Icelandic musical heritage and has regularly performed Icelandic folk songs, on many occasions with pianist Örn Magnússon. The two of them founded the ensemble "Spilmenn Rikinis", which specializes in old Icelandic music using traditional instruments.

Marta has been director of the choir of the Sigursveinn D. Kristinsson Music School for two seasons. In spring 2011 she was appointed director of chamber choir Hljómeyki and made her debut as a director at the Nordic Music Days in October 2011.

## SUNNUDAGUR 26. OKTÓBER

### 11.00 Hátíðarmessa

Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir prédikar, sr. Jón Dalbú Hróbjartsson sóknarprestur, sr. Sigurður Pálsson fyrrverandi sóknarprestur og sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir þjóna fyrir altari. Flytjendur tónlistar: Drengjakór Reykjavíkur–Hallgrímskirkju, stjórnandi Friðrik S. Kristinsson, Mótettukór Hallgrímskirkju, Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson trompetar og Eggert Pálsson pákur, stjórnandi og organisti Hörður Áskelsson.

Afmælistmessukaffi í suðursal að messu lokinni.

### 14.00 Ensk messa

Sálmar Hallgríms Péturssonar sungnir í enskri þýðingu. Prestur sr. Bjarni Þór Bjarnason, Flytjendur tónlistar: Jón Clarke barítón og Eypór Ingi Jónsson organisti.

### 17.00 „Passíusálmar“ fyrir söngrodd og orgel eftir Michael Jón Clarke

Flytjendur: Michael Jón Clarke barítón og Eypór Ingi Jónsson orgelleikari.  
Tónlistin var frumflutt í Akureyrarkirkju fyrir tveimur árum við

frábærar undirtektir og er væntanleg á geisladiski á næstunni.

Passíusálmar samanstanda af tólf köflum sem fluttir eru í heild sinni án hlés. Michael valdi ljóð úr Passíusálmum Hallgríms með sérstöku tilliti til þjáningar Jesús og boðskaps þeirra erinda til allra. Tónmál verksins hefur sterka rót í íslenski tónlist og hefð, en Michael notar sterka drætti og raddir orgelsins til að endurspegla tilfinningar ljóðanna. Náin samvinna Michaels og Eypórs Inga í raddvali og tónblæ hafa skilað einstakri heild. Verkið er samið í póst-móðerniskum stíl en jafnframt endurspeglar það kirkjutónlistarhefð frá tíma Hallgríms og íslenska kirkjutöntegundahefðin sem er svo rík í þjóðlagatónlist Íslendinga.

1. sálmur: Um herrans Kristí útgang í grasgarðinn.  
Upp, upp, mín sál og allt mitt geð, upp mitt hjarta og rómur með.  
Hugur og tunga hjálpi til. Herrans þínu ég minnst vil. Gef mér,  
Jesú að gá að því, glaskeri ber ég minn fjésjóð í. Viðvörðun þína virði  
eg mest veikleika holdsins sér þú best.

2. sálmur: Um Kristí kvöl í grasgarðinum  
Jesús gekk inn í grasgarð þann Getsemane er nefndur hann.  
Af olúþrúgan sá auknafn bar. Olútréð rétta herran var. Olíum  
hjálpæðis allra fyrst af hans lífi þar pressaðist. Í aldingarði fyrst  
Adam braut. Aftur Jesús það bæta hlaut. Aldingarðseikin ávöxt  
gaf. Eynd, synd, og dauði kom þar af. Í aldingarði ljúft lífsins tréð  
lífgunar frjóvgun veita réð. Satan hefur og sama lag. Situr hann um  
mig nótt og dag, hyggjandi að glöggt, hvar hægast er í hættu og synd  
að komast mér. En þó í þeim stað allra mest, sem á ég drottinn að  
þjóna best.

3. sálmur: Um herrans Kristí dauðastríð í grasgarðinum  
Enn vil ég, sál mín, upp á ný upphaf taka á máli því: Upp stóð Jesús,  
þó preyttur sé, þrisvar sinnum frá bæninni. Lærisveinarnir sváfu  
fast. Sankti Pétur því ávítast. Hörmung þá særir huga minn, hef ég  
mig strax í grasgarð þinn. Dropana tíni eg dreyna þíns, drottinn, í  
sjóðinn hjarta míns. Það gjald alleina gildir best hjá guði fyrir mín  
afbrot verst.

6. sálmur: Um Júdas koss og Kristí fangelsi  
Frelsarinn hvergi flýði fjandmenn þó lægi senn. Herrann beið þeirra  
hinn þýði. Þeim leyfði á fætur enn. Hvern hezt þeir hyggi að finna,  
hann spyr, sem ljóst ég get. Jafnt sem fyrr Júðar inna: Jesúm af  
Nazaret. Júdas kom fljótt sem kunní, kyssandi Jesúm nú, Mælti  
fláráðum munní: Meistari sæll vert þú. Herrann hógvæðarríkur,  
Hann sagði: Þú minn vin, með kossi son mannsins svíkur-, Sízt mun  
því hefndin lin.

9. sálmur: Um flóttu lærisveinanna  
Þá lærisveinarnir sáu þar sinn herra gripinn höndum og hann af  
fólki verstu var vægðarlaust reyrður böndum, allir sem honum flýðu  
frá, forlétu drottinn hreinan í háska einan. Að svoddan skulum við

sál mín gá. Sjáum hér lærdóm beinan. Kvalaför, Jesú þessi þín, sem þá gekkstú einu sinni, veri kraftur og verndin mín, svo veginn lífsins ég finni. Lát ekki djöful draga mig í dofinleik holdsins blinda til sekta og synda. Ég bið af ást og alúð þig ákefð hans burt að hrinda.

11. sálmur: Um afneitun Péturs

Guðspjallshistorían getur, gripinn þá Jesús var, allir senn, utan Pétur, yfirgáfu hann þar, og lærisveinn einn annar, álangdar gengur hljótt herrans hryggðarbraut sanna. Harla dimmt var af nótt.

23. sálmur: Um Kristí húðstrýking

Pílatus Herrann hæsta húðstrýkja lætur þar. Nakinn við stólpann stærsta strengdur þá Jesús var. Stríðsmenn með svipum hröktu hann. Sál mín, hér sjá og skoða hvað sonur guðs fyrir þig vann. Helgasta holdið friða frá hvirfli iljum að drotni varð sárt að sviða, svall allt af benjum það. Hver hans líkama limur og æð af sárum sundur flakti. Sú hirting mjög var skæð. Blessaður dreyrinn dundi drottins lífæðum úr, sem regn það hraðast hrundi himins í dimmuskúr. Blánaði hold, en bólgaði und. Sonur guðs sárt var kvalinn saklaus á þeirri stund.

24. sálmur: Um purpuraklæðið og þyrnikórónuna

Illvirkjar Jesúm eftir það inn í þinghúsið leiddu, afklæddu fyrst, og fljótt þangað fólkíð allt koma beiddu. Purpuraklæðis forna flík, fást mátti varla háðung slík, yfir hans benjar breiddu. Burt tók Jesús þá blygðun hér, beran því lét sig þína, réttlætisklæðnað keypti mér, kann sá fagurt að skína Athvarf mitt jafnan er til sanns undir purpurakápu hans. Þar hyl ég misgjörð mína. Þyrnikórónu þungri þeir þrengdu að herrans enni. Báleldi heitum brenndu meir broddar sviðandi í henni. Augun hans bæði og andlit með allt í blóðinu listast réð. Slíkt trúí eg kvala kenni.

29. sálmur: Um Barabbas frelsi

Seldi Pílatus saklausan son guðs til krossins dauða. Upphlaupsmaður, sá víg eitt vann, þá frelsi fann, fékk líf, en missti nauða. Hér þá Jesús var helið kalt af heiðnu dæmt yfir valdi, fékk Adam sjálfur frelsið snjallt og fólk hans allt, sem fagnar því lausnargjaldi. Heyri ég nú þann hjálparróf, að hafir þú, Jesú mildi, fyrir mig liðið lífláts dóm. Þín líknin fróm lausan mig kaupa vildi.

33. sálmur: Um Kristí krossfesting

Kom loks með krossins byrði Kristur á Hausastað. Örpjáður trúí eg hann yrði. Edik galli blandað honum þeir héldu að. Drottinn vor dýrðar mildi drekka þó ekki vildi, þá hann smakkaði það. Nú aftur Jesús nakinn negldur á trénu stóð, þíndur húðstrýktur, hrakinn, hjartans þar sáran móð. Þó voru verk hans góð. Einn fyrir engum faldist opinberlega kvaldist. Þess naut öll heimsins þjóð.

48. sálmur: Um Jesú síðusar

Að kvöldi Júðar frá ég færi til fundar greitt við Pílatum og þess beiddu, að ekki væri önduð lík á krossinum, því hátíðin var harla nærri. Hér svo ritning greinir um. Stríðsmönnum hann bauð að

brjóta beinin þeirra, og svo var gert. Heljarstund þeir hreptu fljóta hinir tveir sem greini eg bert, en Jesúm létu síns lífláts njóta, limina hans ei fengu snert.

50. sálmur: Um varðhaldsmennina

Hvíli eg nú síðast huga minn, herra Jesú, við legstað þinn. Þegar ég gæti að grefran þín, gleðst sála mín, Skelfing og ótti dauðans dvín. Sektir mínar og syndir barst sjálfur, þegar þú þíndur varst. Upp á það dóstu, drottinn kær, að kvittuðust þær. Hjartað því nýjan fögnuð fær. Dýrð, vald, virðing og vegsemd hæst, vízka, makt, speki og lofgjörð stærst sé þér, ó, Jesú, herra há, og heiður klár. Amen amen um eilíf ár. Amen, amen um eilíf ár

Michael Jón Clarke er menntaður frá Trinity College of Music London, Southern Illinois University and Royal Northern College of Music. Hann hefur verið strengja- og söngkennari við Tónlistaskólann á Akureyri í meira en fjóra áratugi og var nýlega veitt viðurkenning af Akureyrabæ fyrir ævistarf. Hann hefur haldið fjölda einsöngs tónleika, sungið einsöngshlutverk hjá mörgum kórum, tekið að sér hlutverk í óperum og söngleikjum, og stjórnaði fjölda kóra og hljómsveita. Undanfarin ár hefur hann snúið sér í auknum mæli að tónsmíðum og nýlega gefið út geistadisk með Passíusálmum sínum ásamt Eyþóri Inga Jónssyni. Hann samdi tónverkið Aldamótakvæði sem flutt var á afmæli Akureyrarbæjar 2013. Hann var valinn Listamaður Akureyrar 1997.

Michael Jón Clarke was born in Nottingham, England. He was educated at Trinity College of Music, London, Southern Illinois University U.S.A and the Royal Northern College of Music, Manchester. He has taught at the Akureyri Music School for over forty years and was this spring honoured for lifetime achievement by the town. He has enjoyed a long career as soloist in operas, church music performances and as soloist with many choirs, both in Iceland and abroad. In recent years he has increasingly turned his attention to composition and is about to release a c.d. with his performance of his own work Passion Hymns with the organist Eyþór Ingi. He composed the cantata Áramótakvæði for the Akureyri 150 year anniversary in 2013. He was Akureyri Artist of the year 1997.

Eyþór Ingi Jónsson er fæddur og uppalinn í Dalasýslu, þar sem hann hóf tónlistarmenntun sína sex ára gamall. Hann nam síðar orgelleik hjá Fríðu Lárusdóttur við Tónlistarskólann á Akranesi. Síðan lærði hann orgelleik, kórstjórn og hliðargreinar við Tónskóla Þjóðkirkjunnar undir leiðsögn Harðar Áskelssonar, Smára Ólasonar o.fl. Eyþór lauk Kantorsprófi frá skólanum vorið 1998. Hann nam síðan Kirkjutónlist við Tónlistarháskólann í Piteå í Svíþjóð og eftir það lauk hann einnig námi í Konsertorganistadeild í sama skóla. Orgelkennari hans var prófessor Hans-Ola Ericsson og einnig hefur hann lært hjá Gary Verkade. Hann hefur einnig sótt námskeið hjá fjölda þekktra kennara eins og Harald Vogel, Wolfgang Zerer, JonLaukvik, Mathias Wager, Olivier Latry, David Briggs, Michael

Radulescu o.fl. Auk þess að leggja áherslu á orgelleik í námi sínu hefur Eyþór lagt mikla áherslu á kórstjórn. Kennari hans var Erik Westberg. Eyþór hefur stjórnað fjölmörgum kórum, bæði í Svíþjóð og á Íslandi. Einnig hefur hann sungið í mörgum kórum, m.a. í Westberg Vokalensamble. Eyþór hefur kennt við tónlistarskólana á Akranesi, Dalasýslu, Akureyri og Tónskóla Þjóðkirkjunnar ásamt því að spila í kirkjum og með kórum víða um land. Hann hefur haldið fjölda orgeltónleika hérlendis, í Svíþjóð, Danmörku og í Noregi. Hann starfar nú sem organisti við Akureyrarkirkju. Einnig er hann stjórnandi sönghópsins Hymnodia. Eyþór hefur einbeitt sér að flutningi tónlistar frá 17. öld, bæði fyrir orgel og kór.

Eyþór Ingi Jónsson was born and raised in western Iceland, beginning his musical education there at the age of six. Later, he learnt to play the organ with Friða Lárusdóttir at the Akranes School of Music. He then went on to study organ playing, choir conducting and related subjects at the Icelandic State Church School of Music with Hörður Áskelsson, Smári Ólason, and others. Eyþór completed his Musical director's course from the school in early 1998, later going on to study church music at the Musical University of Piteå in Sweden, and finally studying at the Concert organist department of that same university. His organ instructors were profs. Hans-Ola Ericsson and Gary Verkade. Eyþór has also attended courses held by several well known teachers, including Harald Vogel, Wolfgang Zerer, Jon Laukvik, Mathias Wager and Olivier Latory. Eyþór has taught at the Icelandic music schools in Akranes, Dalasýsla and Akureyri, as well as playing in churches and with choirs nationwide. He has held numerous concerts in Iceland, Sweden and Norway, and conducted many choirs both in Iceland and in other countries. In 1998-1999 he served as organist at Akureyri church in the absence of Björn Steinar Sólbergsson, and in 2002 he was musical director and organist at Skellefteå Church in Sweden. Eyþór is currently a choir conductor and organist at Akureyri church, as well as conducting the independent choir Hymnodia. He focuses on seventeenth century music, both for organ and choir, and took part in founding the Akureyri society for enthusiasts of music from that period.

## MÁNUDAGUR 27. OKTÓBER, HALLGRÍMSDAGURINN Í HALLGRÍMSKIRKJU

### 20.00 Hallgrímsmessa á 340. ártíð Hallgríms Péturssonar

Karl Sigurbjörnsson biskup prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Jóni Dalbú Hróbjartssyni sóknarpresti Hallgrímskirkju. Messan er sungin með gamla Grallaratóninu, svipað og tíðkaðist á tímum Hallgríms.

Kammerkórinn Schola cantorum syngur, stjórnandi Hörður Áskelsson, organisti er Björn Steinar Sólbergsson.

## FÖSTUDAGUR 31. OKTÓBER, SIÐBÓTARDAGURINN

### 13.00–17.00 Siðbótarmaðurinn Hallgrímur – málþing á siðbótardegi

Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor:

„Krossferli að fylgja þínum...“

Íhugun og eftirfylgd sem stef í Passíusálmum Hallgríms Péturssonar

Af passíusálmunum má ráða að þeir séu tilraun sálmaskáldsins til að vekja samtímafólk sitt til meðvitundar um mikilvægi píslarfrásögunnar og hvetja það til íhugunar á píslum Krists og eftirfylgdar við hann. Í þessum fyrirlestri verður leitast við að draga fram þann tilgang sem Hallgrímur Pétursson sér í því að við íhugum þínu og dauða Krists á krossi og hvaða merkingu hann leggur í það að feta í fótspor hins þjáða frelsara.

Dr. Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor:

Ólukkan ei mig hræðir - Hallgrímur Pétursson og 23. Davíðssálmur

Hallgrímur orti aðeins út af einum sálmi Saltarans í heild sinni. Það var 23. sálmurinn, Drottinn er minn hirðir, sem löngum hefur haft sérstöðu meðal Davíðssálma hvað vinsældir snertir. Í þessu erindi verður sálmur Hallgríms ritskýrður m.a. með samanburði við texta Guðbrandsbiblíu og sálm Jóns Þorsteinssonar píslarvotts (1570-1627). Einnig verður hugað að öðrum áhrifum Gamla testamentisins í sálmakveðskap hans.

Sigurjón Árni Eyjólfsson, prestur:

Sköpun og blessun í hugvekjum Hallgríms Péturssonar.

Í fyrirlesturinum verður gerð grein fyrir þeim rýmis- og tímaskilningi sem kemur fram í hugleiðingum Hallgríms Péturssonar, Diarium christianum eða Daglegri iðkun. Þessi skilningur mótast jafnt sköpunar- sem helgunarguðfræði Hallgríms eða sýn hans á stöðu mannsins í heiminum sem sköpunar guðs.

Ævar Kjartansson stýrir umræðum að erindum loknum. Málþingið er samstarfsverkefni Nefndar um fimm alda afmæli siðbótarinnar 2017 og Listvinafélags Hallgrímskirkju.



**Aðgangur er ókeypis að öllum viðburðum hátíðarinnar nema annað sé tekið fram.**

**Kaffihús til styrktar starfi Listvinafélagsins verður í suðursal kirkjunnar.**

**Listrænn stjórnandi:**

Hörður Áskelsson

**Framkvæmdastjóri:**

Inga Rós Ingólfssdóttir

**Þakkir fá:**

Hallgrímssöfnuður og starfsfólk  
Stjórn og starfsfólk Listvinafélags Hallgrímskirkju  
Biskup Íslands  
Tónmenntasjóður þjóðkirkjunnar  
Forsætisráðuneytið  
Reykjavíkurborg  
Statens kunstfond Danmark  
ENNEM auglýsingastofa  
GEGG ehf

**Nefnd um 400 ára afmæli Hallgríms Péturssonar:**

Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson  
Karl Sigurbjörnsson biskup  
Hörður Áskelsson kantor  
Dr. Margrét Eggertsdóttir  
Steinunn Jóhannesdóttir  
Jónanna Björnsdóttir

**Stjórn Listvinafélags Hallgrímskirkju:**

Hörður Áskelsson listrænn stjórnandi  
Sigurður Sævarsson formaður  
Þóra Sigurðardóttir  
Þórunn Sigurðardóttir  
Ævar Kjartansson  
Hafsteinn Már Einarsson  
Jóhannes Pálmason



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg



**STATENS KUNSTFOND**

[www.listvinafelag.is](http://www.listvinafelag.is) / [hallgrimskirkja.is](http://hallgrimskirkja.is)